

## LÖG

### um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (mútubrot).

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Við 18. tölul. 6. gr. laganna bætist: og í viðbótarbókun við þann samning frá 15. maí 2003.

#### 2. gr.

Við 19. gr. d laganna bætist: og sviptingu réttinda skv. 2. mgr. 68. gr.

#### 3. gr.

Við 3. mgr. 68. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sama gildir um lögaðila, en þó skal varanleg svipting réttinda aðeins ákveðin ef brot er stórfellt.

#### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 109. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „opinberum starfsmanni“ í 1. mgr. kemur: alþingismanni eða gerðarmanni.
- b. Í stað orðanna „3 árum“ í 1. mgr. kemur: 4 árum.
- c. 2. mgr. orðast svo:

Sömu refsingu skal sá sæta sem beinir slíku að erlendum opinberum starfsmanni, erlendum kviðdómanda, erlendum gerðarmanni, manni sem á sæti á erlendu fulltrúaþingi sem hefur stjórnslu með höndum, starfsmanni alþjóðastofnunar, manni sem á sæti á þingi slíkrar stofnunar eða á opinberu löggjafarþingi í erlendu ríki, dómara sem á sæti í alþjóðlegum dómstóli eða starfsmanni við slíkan dómstól, í því skyni að fá hann til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert sem tengist opinberum skyldum hans.

#### 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 128. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „opinber starfsmaður“ í 1. mgr. kemur: alþingismaður eða gerðarmaður.
- b. 2. mgr. orðast svo:

Sömu refsingu skal sæta erlendum opinber starfsmaður, erlendum kviðdómandi, erlendum gerðarmaður, maður sem á sæti á erlendu fulltrúaþingi sem hefur stjórnslu með höndum, starfsmaður alþjóðastofnunar, maður sem á sæti á þingi slíkrar stofnunar eða

á opinberu löggjafarþingi í erlendu ríki, dómari sem á sæti í alþjóðlegum dómstóli eða starfsmaður við slíkan dómstól, sem heimtar, tekur við eða lætur lofa sér eða öðrum gjöfum eða öðrum ávinningi, sem hann á ekki tilkall til, í sambandi við framkvæmd starfa síns.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 264. gr. a laganna:

- a. Á eftir orðunum „fyrirtæki í atvinnurekstri“ í 1. og 2. mgr. kemur: þar á meðal fyrirtæki að hluta eða í heild í opinberri eigu.
- b. Í stað orðanna „2 árum“ í 1. og 2. mgr. kemur: 3 árum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 31. janúar 2013.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Ögmundur Jónasson.*